

EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

Silfurstjarnan í Öxarfirði Silfurstjarnan Núpsmýri og Sigtún, klakstöð

Dags eftirlits	21.5.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Silfurstjarnan í Öxarfirði	Fulltrúi UST	Svanfríður Dóra Karlsdóttir
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6107881579	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Benedikt Kristjánsson	ÍSAT nr.	05.02.2
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en tvær athugasemdir voru gerðar hvað varðar slýmyndun og uppsöfnun litarefnis og fitu í settjörn.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur sem rekstraraðili hafði boðað til með UST og heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Farið var yfir stöðu fyrirtækisins og framtíðaráform. Sýnatök og niðurstöður þeirra voru ræddar ásamt hugmyndum um lausnir hvað varðar tæmingu settjarna og framtíðaráform hvað varðar frárennsli. Rætt var um fjölda eftirlitsferða og ástæður þess að fyrirtækið skuli flokkað í 1. flokk eftirlits.

Farið var yfir starfsleyfið og bent á skiladaga skv. því.

Farið var yfir niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið skv. skilyrði í undanþágur frá Umhverfisstofnun og næstu skref í því máli. Rekstraraðili vill fá að losa settjörnina nú í haust, þegar Brunná er í sem mestum vexti og jökulvatnið nær að bera seyrna sem lengst út á haf.

Rætt var um breytingu á gr. 1.2. í starfsleyfi hvað varðar skiptingu eldistegunda. Sú breyting er í auglýsingu.

Gengið var um stöðina, frárennsli og settjarnir skoðaðar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við slýmyndun við útrás í settjörn og uppsöfnun litarefnis og fitu við útrás nírðri tjarnarinnar.

ANNAÐ

Óvenju mikið var í settjörnnum og mátti greina uppsöfnun fitu og litarefna í kringum frárennslisopið. Greina mátti slý í settjörnnum og frárennsli frá sveltitönkum. Var það meira áberandi en í fyrri eftirlitum. Greinilegt uppstreymi var í botninum á báðum settjörnnum.

Gengið var niður að fituskilju en engin merki voru um fitu í viðtaka.

Um 20 sjófuglar voru við útrás í viðtaka. Virðast þeir hafa verið að sækja í næringu frá settjörnnum. Engar fódurleifar var þó að sjá við útrásina en greina mátti c.a. 50cm fituflekk við útrásaropið.

Öllum slóg er safnað saman og hann urðaður á Kópaskeri. Fyrirhugað er að breyta slóginum í meltu og flytja á Sauðárkrók til meltugerðar.

Rekstraraðili fékk styrk frá VAXNA til rannsókna á nýtingu seyru sem áburðargjafa. Vinna við verkefnið er hafin og er fyrstu niðurstöðna að vænta innan skamms. Tekin eru botnsnið og sýni tekin á mismunandi stöðum í sniðinu. Niðurstöður þessa mælinga verða sendar eftirlitsaðila nú í haust.

Rekstraraðili tekur saman niðurstöður úr mælingum og sýnatökum og undirbýr umsókn um undanþágu til losunar settjarna í Brunná næsta haust en núgildandi undanþága um að ekki þurfi að losa settjarnir rennur út þann 1. september 2013.

Auk Benedikts og Heiðdísar var Jón Kjartan Jónsson einnig viðstaddur eftirlit.

Reykjavík, 28.05.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.